

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNA Q

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Blaðamaður á viðskiptaritstjórn

Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, mbl.is og K100, leitar að metnaðarfullum blaðamanni í fullt starf á viðskiptaritstjórn.

Helstu verkefni:

- Fréttaskrif, viðtöl, greiningar og úttektir

Menntunar- og hæfniskröfur:


- Þekking og áhugi á viðskiptum, atvinnulífi og efnahagsmálum
- Menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku, jafnt í töluðu sem rituðu máli

Nánari upplýsingar veita fréttastjórar viðskipta Matthías Johannessen í síma 569 1137 eða á mj@mbl.is og Andrea Sigurðardóttir í síma 569 1181 eða á andrea@mbl.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember nk.

Umsóknum skal skilað á arvakur.is/storf með starfsferilskrá og kynningarbréfi.

mbl.is Morgunblaðið K100





Vilt þú vera með okkur í liði?



Rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar og Blómavals á Norðurlandi

Húsasmiðjan leitar að metnaðarfullum leiðtoga til að reka nýja og glæsilega verslun okkar á Norðurlandi. Við leitum að einstaklingi sem brennur fyrir þjónustu og fólki, er söluþráfinn og hefur jákvætt hugarfar. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir réttan aðila til að vera þátttakandi í frekari uppbyggingu á örum og spennandi markaði.

Húsasmiðjan er leiðandi á byggingavörumarkaði, með sterk og vönduð vörumerki. Blómaval þjónustar blóma- og garðáhugafólki allt árið um kring.

Helstu verkefni:

- Skípuþingning og ábyrgð á daglegri starfsemi, rekstri og afkomu
- Sköpun og eftirfylgni viðskiptasambanda
- Umsjón með innkaupum og birgðahaldi
- Umsjón með starfsmannamálum
- Stuðla að jákvæðum starfsanda og starfsumhverfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stjórnunarreynsla og hæfni til að leiða fólk til árangurs
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð þekking á verslunarrekstri og/eða á byggingavörumarkaði
- Reynsla af sölustörfum, sölustjórnun og viðskiptatengslum er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta



Skannaðu kóðann og skoðuðu starfið

Gildin okkar
Áreiðanleiki
Þjónustulund
Þekking

Við hvetjum öll áhugasöm til þess að sækja um, óháð kyni.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Guðrún Tinna framkvæmdastjóri verslanasviðs á tinna@husa.is

Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar www.husa.is/laus-storf. Umsóknarfrestur til 4. nóv. 2024

Húsasmiðjan og Blómaval eru í nýrri og glæsilegri verslun og timbursölu á Akureyri þar sem öll aðstaða, fyrir viðskiptavinum og starfsmenn, er til fyrirmyndar. Við leggjum ríka áherslu á liðsheild, góð samskipti og skemmtilegan og lífligan starfsanda.



RAFVIRKJAR!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa. Um er að ræða viðhaldsvinnu hjá stofnunum og fyrirtækjum. Umsókn sendist á netfangið rafbodi@rafbodi.is.



Skeiðarás 3, 210 Garðabæ, sími 565 8096



PROPERTY & SHIPPING/CUSTOMS ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavík seeks an employee to manage supply and warehouse operations and facilitate shipments and customs clearance.

Application deadline is October 27, 2024.



Join Our Team!

Yfirlæknir

Óskast á heilsugæsluna í Rangárþingi



HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Heilbrigðisstofnun Suðurlands óskar eftir að ráða framúrskarandi yfirlækni á heilsugæsluna í Rangárþingi. Á heilsugæslunni vinnur samhentur hópur af mjög hæfu og lausnamiðuðu starfsfólki að því markmiði að þjónusta skjólstæðinga stöðvarinnar. Rangárþing er einstaklega falleg sveit og góðar samgöngur.

Starfið er leiðtoga- og stjórnunarstarf sem felur í sér faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi heilsugæslunnar. Um er að ræða bæði áhugavert og krefjandi starf í skemmtilegum hópi fyrir áhugasaman heilsugæslulækni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á og sinnir heilsugæsluþjónustu í Rangárþingi
- Skipulag og stjórnun læknisþjónustu á svæðinu
- Almennar heilsugæslulækningar og heilsuvernd
- Fræðsla til skjólstæðinga og aðstandenda
- Vaktþjónusta eftir kl 16 fyrir F1 útköll
- Þátttaka í verkefnum innan stofnunarinnar

Hæfniskröfur

- Íslenskt starfsleyfi sem læknir
- Sérfræðiréttindi í heimilislækningum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Áreiðanleiki, jákvæðni, sveigjanleiki og árangursmiðað viðhorf
- Íslenskukunnátta er skilyrði

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Starf veitist samkvæmt samkomulagi.

Umsókninni þurfa að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi ásamt ítarlegri ferilskrá.

Umsókn skal skilað rafrænt á vef HSU - www.hsu.is undir flípanum lausar stöður.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands veitir heilsugæslu-, sjúkrahúss- og öldrunarþjónustu ásamt því að annast sjúkraflutninga. Þjónustusvæðið nær frá Þorlákshöfn í vestri til Hafnar í austri.

Hlutverk HSU er að móta, þróa og útfæra heilbrigðisþjónustu í umdæminu og tryggja íbúum Suðurlands og öðrum þjónustuþegum jafnan aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni.

Þjónustumarkmið HSU byggja á gildum okkar um fagmennsku, virðingu og samvinnu. Velferð og þarfir þjónustuþega eru okkar leiðarljós.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 01.11.2024.

Nánari upplýsingar veitir

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir, baldvina.y.hafsteinsdottir@hsu.is

Embætti landsbókavardar er laust til umsóknar

Leitað er eftir faglegum leiðtoga til að leiða stærstu þekkingarveitu þjóðarinnar. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslands og bókasafn Háskóla Íslands og hefur það meginmarkmið að safna öllum íslenskum gögnum, varðveita þau, skrá og flokka. Safnið er öflugur samstarfsaðili Háskóla Íslands og styður við íslenskar rannsóknir með fjölbreyttum hætti. Safnið gegnir forystuhlutverki hvað varðar þróun og nýsköpun á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar og er í fararbroddi um miðlun og aðgengi að stafrænu efni fyrir landsmenn.

Helstu verkefni og ábyrgð

Um frekara hlutverk og starfsemi safnsins vísast nánar til ákvæða laga um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn [nr. 142/2011](#), sjá einnig reglugerð um safnið [nr. 170/2014](#), lög um skylduskil [nr. 20/2002](#), reglugerð um skylduskil til safna [nr. 982/2003](#) og bókasafnalög [nr. 150/2012](#).

Hæfniskröfur

Landsbókavörður þarf að búa yfir metnaði og framsýni til að leiða Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn til framtíðar. Landsbókavörður leiðir starfsemi safnsins og annast daglegan rekstur og stjórn þess, undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun og stýrir mannauði safnsins. Gerð er krafa um menntun á háskólastigi og staðgöða þekkingu á starfssviði safnsins. Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur. Við mat á umsækjendum er horft til kjörmyndar stjórnenda út frá stjórnendastefnu ríkisins.

Frekari upplýsingar um starfið

Menningar- og viðskiptaráðherra skipar í embætti landsbókavardar til fimm ára frá og með 1. mars 2025, að fenginni umsögn stjórnar safnsins, [sbr. 3. gr. laga nr. 71/1994](#) og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, [nr. 70/1996](#).

Umsóknum skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá á íslensku ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur núverandi starfsheiti, ástæða umsóknar og lýsing á því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um stöðuna.

Nánari upplýsingar um Landsbókasafn er að finna á heimasíðu þess <https://www.landsbokasafn.is>

Starfshlutfall er 100% | Umsóknarfrestur er til og með **11.11.2024**.

Nánari upplýsingar veitir

Sigrún Brynja Einarsdóttir, ráðuneytisstjóri sigrun.brynja.einarsdottir@mvf.is — 5459800



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Atvinnuauglýsingar · mbl.is

Prestur til Óháða safnaðarins



Vilt þú vinna í spennandi umhverfi þar sem þú ert leiðandi í að þróa og efla safnaðarstarf Óháða safnaðarins?

Óháði söfnuðurinn leitar að jákvæðum, skipulögðum og hugmyndaþrikum presti.

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á málefnum kirkjunnar og vera tilbúin/n að taka þátt í uppbyggingu safnaðarins. Samskiptahæfileikar og skilningur góðrar þjónustu eru lykilatriði.

Starfið er laust frá 1. maí 2025.

Kirkja Óháða safnaðarins er afar vel staðsett í hjarta bæjarins og er allur aðbúnaður góður. Í söfnuðinum eru um 3.200 manns sem býr víðsvegar um land.

Messað er annan og fjórða hvern sunnudag í mánuði og á stórhátíðum.

Hæfnikröfur:

- Vilji til að þjóna og mæta fólki af skilningi og virðingu.
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti á áhugaverðan og sannfærandi hátt.
- Áhugi á starfi og uppbyggingu safnaðarins.
- Góðir hæfileikar til samstarfs og samskipta.
- Vilji til að mynda tengsl og vera virkur í safnaðarstarfinu.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Innsýn og áhugi á ólíkum samskiptamiðlum.
- Frumkvæði í að auka fjölbreytni í starfi safnaðarins.

- Áhugi á eflingu fermingarstarfs.
- Reynsla á sviði sálsgæslu er kostur.
- Áhugi á að sinna fjölbreyttu helgihaldi innan kirkjunnar.

Frekari upplýsingar um starfið:

Laun taka mið af launakjörum presta þjóðkirkjunnar.

Starfshlutfall er 75%

Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember 2024 og skal umsóknum skilað til safnaðarformanns.

Umsækjendur þurfa að hafa lokið mag.theol/cand. theol prófi frá Háskóla Íslands.

Umsókn þarf að fylgja staðfest afrit af prófskírteini og upplýsingar um starfsþjálfun eftir því sem við á. Þá skal gerð grein fyrir starfsferli og starfsreynslu og öðru því sem umsækjandi óska eftir að taka fram. Einnig skal fylgja staðfesting á annarri menntun og þjálfun sem nýtist í starfi.

Óskað er eftir að umsækjendur skili greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn sína og væntingar varðandi þjónustuna.

Áður en til ráðningarviðtals kemur skal umsækjandi heimila safnaðarformanni aðgang að tilteknum upplýsingum úr sakaskrá.

Björg Valsdóttir safnaðarformaður, veitir nánari upplýsingar um umfang og eðli starfsins í síma 863 5386 eða í gegnum netfangið stjorn@ohadi.is.



Þjónustufulltrúi

Býrð þú yfir afburða þjónustulund? Árvakur hf. leitar að þjónustufulltrúa í fullt starf.

Starfið felst í símsvörun, áskrifendapjónustu og mörgu fleira.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum að einstaklingi sem er:

- Með afburða þjónustulund
- Snyrtilegur
- Með sjálfstæð vinnubrögð
- Með mikla hæfileika í mannlegum samskiptum
- Fljótur að læra
- Jákvæður og lífflegur
- Með góða almenna tölvukunnáttu
- Með góða íslenskukunnáttu í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um starfið veitir María Lilja Moritz, þjónustustjóri Árvakurs,
í síma 569-1306 eða á netfanginu marialilja@mbl.is

Umsóknir er hægt að fylla út á mbl.is, neðst á forsíðu. Á umsóknareyðublaðinu skal velja **almenna umsókn** og tiltaka „þjónustufulltrúi“ þegar spurt er um ástæðu umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 27. október.

ÁRVAKUR er útgefandi Morgunblaðsins og mbl.is. ásamt því að reka útvarpsstöðvarnar K100 og Retró.
Dótturfyrirtæki Árvakurs eru Landsprent og Edda útgáfa.

Árvakur er lifandi vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi og sterk liðsheild.

ÁRVAKUR mbl.is Morgunblaðið RETRÓ FM 89.5 EDDA FINNA Landsprent

Þátttakandi
í íslensku
atvinnulífi
í meira en
50 ár



HAGVANGUR

mbl.is - 200 mílur



Raðauglýsingar

Tilkynningar



Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Landnotkunarheimildir við Hringbraut

Hringbraut sem aðalgata frá Bjarkargötu að Ánanaustum

Þann 17. október 2024 samþykkti borgarráð Reykjavíkur að kynna verklýsingu vegna áformaðrar breytingar, varðandi skilgreiningu landnotkunarheimilda við Hringbraut. Fyrirhuguð breyting felst í því að stærri hluti götunnar verði skilgreindur sem aðalgata. Með vísan til 1-2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verklýsingin og fyrstu drög að tillögu lögð fram til kynningar og umsagnar.

Gögnin verða til kynningar í Skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál, sjá skipulagsgatt.is. Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þeim vettvangi fyrir 14. nóvember nk. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

